

NÝTINGARLEYFI

Málsnr.: UOS2501044

Efnistaka af hafsbotni

Hornafjarðarhöfn

Grynnslin - Höfn í Hornafirði

Kt.: 650371-2409

Umhverfis- og orkustofnun veitir hér með Hornafjarðarhöfn kt. 650371-2409, leyfi til efnistöku af hafsbotni utan netalaga við Hornafjarðarhöfn í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Hornafjarðarhöfn er hér eftir nefnd leyfishafi.

Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum svo og þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfi þessu.

1. Almenn

Leyfið felur í sér heimild til handa leyfishafa til töku á allt að 250.000 rúmmetrum efnis af hafsbotni á tilgreindu svæði sem afmarkað er í 2. gr. leyfis þessa, sbr. og fylgiskjal 1, á leyfistímanum sem tilgreindur er í 3. gr., og með þeirri tilhögun á efnistöku sem tilgreind er í 4. gr.

Leyfið er ekki sérleyfi og takmarkar ekki rétt Umhverfis- og orkustofnunar til að veita öðrum leyfi til leitar, rannsókna eða efnistöku á sama svæði á gildistíma leyfisins eða síðar.

2. Mörk efnistökusvæðis

Leyfið tekur til efnistöku af hafsbotni utan netalaga við Hornafjarðarhöfn á Grynnslinum. Efnistökusvæðið er merkt inn á meðfylgjandi kort (fylgiskjal 1), sem telst hluti leyfisins, og er afmarkað með X og Y hnitum (í ISNET93 kerfi), sbr. afmörkun (fylgiskjal 1).

3. Gildistími

Leyfi þetta gildir frá útgáfudegi til 31. mars 2025.

4. Tilhögun efnistöku

Leyfishafi skal skila til Umhverfis- og orkustofnunar til samþykktar vinnsluáætlun áður en efnistaka hefst og eigi síðar en 7. febrúar 2025 með upplýsingum um tilhögun efnistöku þ.m.t. aðferð efnistöku og áætlaðri tímasetningu efnistöku á svæðinu. Óski leyfishafi eftir því að víkja frá samþykktri vinnsluáætlun skal greinargerð fylgja beiðni þar um þar sem tilgreindar eru ástæður breytinganna.

Lágmarka ber áhrif efnistöku á fuglalíf í næsta nágrenni við efnistökusvæðið.

5. Skyldur leyfishafa

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Um framkvæmdir samkvæmt leyfinu gilda auk laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, lög um

náttúruvernd, nr. 60/2013, lög um menningarminjar, nr. 80/2012, lög um varnir gegn mengum hafis og stranda, nr. 33/2004, auk annarra laga er varða sjófarendur og siglingar.

Leyfi þetta undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðrum leyti er mælt fyrir um í lögum sem starfsemin fellur undir.

Leyfishafi skal við framkvæmdir í samræmi við leyfi þetta gæta þess að raska ekki neðansjávarköplum og öðrum lögnum.

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu og aðra starfsemi annarra aðila í nágrenni við efnistökusvæði, taka tillit til og hafa samráð við þá aðila.

6. Umhverfissjónarmið

Leyfishafi skal gæta þess að raska ekki sérstökum eða sjaldgæfum jarðmyndunum á efnistökusvæðinu og skal að öðru leyti taka tillit til umhverfissjónarmiða við efnistöku samkvæmt leyfi þessu. Jafnframt skal leyfishafi gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forðast spillingu á lífríki láðs og lagar. Sérstaklega skal þess gætt að olía og önnur spilliefni fari ekki í sjó og skal leita heimildar viðkomandi stjórnvalda um meðferð slíkra efna eins og við á.

7. Vatnshlot

Framkvæmdasvæðið er í strandsjávahlötinu Lón að Dyrhólaey, 103-1340-C. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skulu vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sínum sem sett eru fyrir þau. Framkvæmdin má ekki valda því að ástandi vatnshlotsins hraki. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokka í vatnaáætlun.

8. Fornminjar

Ef fornminjar finnast við efnistöku samkvæmt leyfi þessu skal leyfishafi stöðva efnistöku uns fengin er ákvörðun Minjarstofnunar Íslands um hvort efnistöku megi fram halda og með hvaða skilmálum. skv. 24. gr. laga nr. 80/2012, sbr. og 3. gr. sömu laga.

9. Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd leyfisins og hefur rétt til að fylgjast með efnistökkunni í alla staði, fá allar upplýsingar henni viðkomandi og skal hafa aðgang að öllum þáttum þeirrar starfsemi sem efnistökkuna varðar. Leyfishafa skal aðstoða við eftirlit og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti. Umhverfis- og orkustofnun getur haft samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem að þörf krefur.

Leyfishafi skal viðhalda virku innra eftirliti með framkvæmd leyfis, m.a. með eftirfarandi:

- Skráningu efnistökuferða þar sem að lágmarki komi fram:
 - o Fjöldi ferða og tímasetning dælingar
 - o Staðsetning efnistöku hverju sinni
 - o Magn efnis sem tekið er upp hverju sinni
 - o Atburðadagbók þar sem m.a. eru tilgreind vandamál við efnistöku
- Reglulega verði fylgst með breytingum á yfirborði efnistökusvæðisins og næsta nágrennis þess, og kannaðar hugsanlegar breytingar á eiginleikum efnisins.

Eigi síðar en 7. febrúar 2025 skal leyfishafi skila til Umhverfis- og orkustofnunar til samþykktar áætlun um fyrirkomulag innra eftirlits, þ.m.t. tíðni og fyrirkomulag vöktunar, kannana á breytingum á yfirborði efnistökusvæðis, greiningum á eiginleikum efnis, skráningu og varðveislu upplýsinga og

fyrirkomulagi upplýsingagjafar til Umhverfis- og orkustofnunar. Leyfishafa ber að láta kortleggja yfirborð efnistökusvæðis og næsta nágrennis þess í lok leyfistíma og/eða þegar fyrirséð er að efnistaka stefni í 250.000 rúmmetra. Niðurstöðum kortlagningar skal skila á rafrænu formi til Umhverfis- og orkustofnunar eigi síðar en 31. mars 2025.

Verði settar sérstakar reglur um eftirlit með nýtingarleyfum á gildistíma leyfisins skulu þær gilda um eftirlit með leyfi þessu.

Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar. Eftirlitskostnaður verður þó aðeins innheimtur á grundvelli skráðra vinnustunda og bókfærðs útlagðs kostnaðar.

10. Upplýsinga- og tilkynningarskylda

Leyfishafi skal í lok leyfistímabils, eða þegar efnistöku er lokið, senda Umhverfis- og orkustofnun upplýsingar um það magn efnis sem tekið var ásamt nákvæma staðsetningu efnistöku. Þá skal stofnunin án tafar upplýst ef vikið er frá þeirri tilhögun efnistöku sem lýst er í 4. gr. leyfisins.

11. Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kann að hljóta af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Leyfishafa ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns sem kann að hljóta af starfsemi hans.

12. Framsal

Leyfishafa er óheimilt að framselja, veðsetja, leigja eða láta af hendi til annarra rétt sinn samkvæmt leyfi þessu, að hluta til eða öllu leyti, án samþykkis Umhverfis- og orkustofnunar.

13. Afturköllun og endurskoðun

Umhverfis- og orkustofnun getur afturkallað leyfi þetta ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfinu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á.

Breytist forsendur leyfis þessa er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að taka leyfið til endurskoðunar. Verði eftirlitsaðili var við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis þessa skal hann þá veita leyfishafa skriflega aðvörn og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörn skal afturkalla leyfið. sé um að ræða alvarleg eða ítrekuð brot á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis þessa getur Umhverfis- og orkustofnun afturkallað leyfi þetta á viðvörunar.

Um afturköllun og endurskoðun á leyfinu fer eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

14. Endurgjald

Með vísan til 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990 er leyfisveitanda heimilt á gildistíma leyfisins að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. sömu greinar, sbr. reglugerð um gjald fyrir efnistöku af eða úr hafsbotni utan netalag, nr. 290/2012. Verði sett gjaldskrá um efnistöku af eða úr hafsbotni, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar, skal gjaldskráin, frá setningu hennar, einnig taka til leyfis þessa á gildistíma þess.

15. Kæruheimild

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu leyfis til efnistöku er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að

Nýtingarleyfi fyrir

Hornafjarðarhöfn, Grynslunum Hornafirði

Umhverfis- og orkustofnun

auðlindum hafsbotnsins, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 31. janúar 2025

Umhverfis- og orkustofnun

Gestur Pétursson


Forstjóri

Rakel Sæmundsdóttir

Sérfræðingur

Fylgiskjal 1

Hnit og kort efnistökusvæðis



FYLGISKJAL 2

Greinargerð vegna útgáfu nýtingarleyfis Hornafjarðarhafnar, Grynslunum Hornafirði.

1. Almenn

Umsókn um efnistöku barst Orkustofnun þann 16. ágúst 2024. Umsókninni var skilað inn af Vegagerðinni, en hún er ráðgjafi Hornafjarðarhafnar í þessari framkvæmd. Þann 7. janúar 2025 leitaði Umhverfis- og orkustofnun umsagna hjá Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 14. janúar og Náttúruverndarstofnunar þann 17. janúar. Náttúrufræðistofnun gerir engar athugasemdir við framkvæmdina eins og henni er lýst. Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að stofnun telji að áhrif efnistökuar verði óveruleg þar sem að efnistökusvæðið sé líklega ekki mjög lífríkt vegna hreyfinga á botni. Þá var Náttúruverndarstofnun með nokkrar ábendingar varðandi efnislosunarsvæðið sem varðar umsókn um leyfi til varps dýpkunarefna í hafið. Leyfi þetta nær einungis til efnistökuar.

Orkustofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa en leyfi þetta er veitt af Umhverfis- og orkustofnun en hún tekur við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Sveitarfélagið Hornafjörður tilkynnti framkvæmdina til Skipulagsstofnunar þann 13. júní 2022. Orkustofnun skilaði inn umsögn við tilkynninguna þann 12. júlí 2022 og Umhverfisstofnun skilaði inn umsögn þann 26. júlí 2022.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 26. ágúst 2022 kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar felist fyrst og fremst í losun efnis á losunarstað sem nú þegar hefur verið raskað. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því sé framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Byggt á fyrirliggjandi gögnum telur Umhverfis- og orkustofnun ólíklegt að framkvæmdin á efnistökusvæðinu muni hafi umtalsverð umhverfisáhrif og því er stofnun sammála niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

3. Strandsvæðaskipulag

Ekkert strandsvæðaskipulag er í gildi fyrir þetta svæði né hefur tillaga að strandsvæðaskipulagi verið auglýst.

4. Áhrifamat á vatn

Þann 10. janúar 2025 óskaði Umhverfis- og orkustofnun eftir því við Vegagerðina að skilaði yrði inn mati á áhrifum framkvæmdarinnar með tilliti til stjórnar vatnamála. Áhrifamatinu var skilað inn þann 13. janúar 2025 og hefur Umhverfis- og orkustofnun metið það fullnægjandi.